

Nr. 344

13. apríl 2015

**REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis
aldraðra sjómanna nr. 148 1. mars 2000, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 278 6. mars 2013, orðast svo:
Verð hlutamiða í hvorri flokkaröð skal vera 18.000 kr. ef keyptur er miði sem gildir í öllum 12 flokkum happdrættisársins sem er frá 1. maí til 30. apríl.

Verð miða fyrir hvern flokk er 1.500 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973, með síðari breytingum, öðlast gildi 20. apríl 2015.

Innanríkisráðuneytinu, 13. apríl 2015.

Ólöf Nordal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. apríl 2015